ÖLDUSELSSKÓLI

Námsáætlun / bekkjarnámskrá 2026 – 2027

Stærðfræði, 3. bekkur

Kennari/ar

María Dögg Elvarsdóttir, Rebekka Rún Geirsdóttir og Sonja Rut Baldursdóttir

Lýsing

Viðmiðunartími: 6 kennslustundir, 240 mínútur á viku að meðaltali samkvæmt viðmiðunarstundaskrá Aðalnámskrár grunnskóla.

Í stærðfræðikennslu er byggt á fjölbreyttum verkefnum þar sem nemendur vinna bæði einstaklingslega, í pörum og hópum. Áhersla er lögð á skilning, virkni nemenda og að þeir geti útskýrt hugsun sína og aðferðir.

Markmið / inntak

Markmiðið er að nemendur efli talnaskilning sinn og öðlist færni í að vinna með tölur og reikniaðgerðir. Unnið er með samlagningu og frádrátt, þriggja stafa tölur, mælingar, tíma, rúmfræði, margföldun, deilingu, samhverfa, peningar, almenn brot, flokkun og einföld viðfangsefni tengd tölfræði. Áhersla er lögð á að nemendur læri að beita fjölbreyttum lausnaleiðum og tengi stærðfræði við daglegt líf.

Sproti 3a
Upplýsingar og tölfræði
Þriggja stafa tölur
Mælingar
Tími
Rúmfræði
Margföldun 1
Deiling
Samhverfa

Sproti 3b
Kaup og sala
Talnaveiðar

Samlagning og frádráttur
Rúmfræði
Almenn brot
Margföldun 2
Reikningur
Hvar í rúðunetinu?

Námsefni

Sproti 3a nemendabók
Sproti 3a æfingahefti
Sproti 3b nemendabók
Sporti 3b æfingahefti
Önnur verkefnablöð
Spil, þrautir og hlutbundin gögn

Kennsluaðferðir

Útlistunarkennsla sem er kennarastýrð miðlun með samræðum, innlögn, sýnikennslu og kynningar á æfingum. Nemendur vinna ýmist í einstaklingsvinnu, paravinnu og hópavinnu.

Námsmat

Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið og byggir á vinnu, virkni, skilningi og framförum nemenda. Nemendur taka kaflapróf að loknum hverjum kafla í Sprota 3a og 3b. Kaflaprófin eru nýtt til að meta stöðu nemenda og hvort þeir hafi náð þeim námsmarkmiðum sem unnið hefur verið að. Einnig er stuðst við verkefnavinnu og athuganir kennara í kennslustundum.

Námslotur

Náminu er skipt í námslotur í samræmi við viðfangsefni Sprota 3a og 3b. Stefnt er að vinna í Sprota 3a ásamt æfingahefti 3a og aukaefni sé frá ágúst til janúars. Og að vinna í Sprota 3b, æfingahefti 3b og aukaefni frá janúar fram í maí.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá (listuð upp eins og þau eru í aðalnámskrá)

Stærðfræði fyrir 1.- 4. bekk - Vinnulag stærðfræðinnar

- Nýtir sér verkfæri og hlutbundin gögn sem þarf til að finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum.
- Tekur þátt í samræðum um stærðfræði, hugtök hennar og lausnaleiðir.
- Nýtir aðferðir og leiðir til að leysa þrautir og getur rökstutt svör sín.
- Notar rétt heiti yfir stærðfræðitákn og nýtir þau rétt við útreikninga.
- Vinnur, einstaklingslega og í samvinnu, að lausnum á stærðfræðilegu viðfangsefni með því að kanna, rannsaka og setja fram tilgátur.

Stærðfræði fyrir 1.- 4. bekk - Tölur og reikningur

- Raðar náttúrulegum tölum og einföldum brotum eftir stærð.
- Getur nýtt sér grunnreikniaðgerðirnar fjórar og reiknað með náttúrulegum tölum.
- Nýtir sér námundun með heiltölum.
- Vinnur með einföld brot og hlutföll með flatarlíkani, á talnalínu og á brotastriki.
- Notar tugakerfisritháttt og sýnir skilning á sætiskerfi við ritun náttúrulegra talna.
- Notar grunnreikniaðgerðir til að finna lausn á og takast á við verkefni daglegs lífs og fjármála og skilið verðgildi peninga.

Stærðfræði fyrir 1.- 4. bekk - Algebra

- Notar rúðunet með höfuðáttum í rauntengdu samhengi, teiknar og staðsetur punkta í hnitakerfi.

Stærðfræði fyrir 1.- 4. bekk - Tölfræði og líkindi

- Telur, flokkar og skráir, les og túlkar niðurstöður og setur upp í einföld myndrit, með og án stafrænna hjálpartækja.
- Les úr einföldum myndritum.

Stærðfræði fyrir 1.- 4. bekk - Rúmfræði og mælingar

- Notar hugtök úr rúmfræði til að lýsa hlutum í umhverfi sínu.
- Áætlar og mælir massa, lengd, rúmmál, tíma og hitastig með stöðluðum og óstöðluðum mælitækjum.
- Rannsakar, gerir tilraunir og teikningar á einfaldan hátt, t.d. með því að nota rúmfræðiforrit og hlutbundin gögn.
- Les og notar mismunandi framsetningu á tíma, notar skífuklukku og stafræna klukku og les tímatöflur.
- Áætlar og mælir ummál og flatarmál með stöðluðum og óstöðluðum mælitækjum.
- Speglar og hliðrar flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum.
- Ber kennsl á tening, kúlu, keilu, sívalning, píramída og strendinga.
